

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

18. maí 1993

Nr. 84

LÖG**um breytingu á lögum nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félags-samþykta.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 18% — átján af hundraði —. Fyrrgreind lágmarksfjárhæð er miðuð við verðlag í byrjun árs 1993 og skal breytast í upphafi hvers árs í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu.

Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi félagi frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmarkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjú mánuði.

2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum löggilts endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 68. gr.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Í stað síðari málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þeim samvinnufélögum, sem starfrækja innlánsdeildir við gildistöku laga þessara og ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 2. gr. a, ber að fullnægja skilyrðunum eigi síðar en 31.

desember 1994. Að öðrum kosti skulu þau leggja niður innlánsdeildir sínar frá og með 1. janúar 1995.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 29. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 85

18. maí 1993

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja aukningu á hlutfé Norræna fjárfestingarbankans úr 1.600 milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 2.400 milljónir SDR. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum, sbr. 2. og 3. gr. samþykktu bankans, um 7,2 milljónir SDR og leggja þar af fram allt að jafnvirði 243 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu) á árunum 1993–1995.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 6. gr. samþykktu bankans og bæta við þær grein 6b sem fjalli um sérstaka lánafyrirgreiðslu til Eystrasaltsríkja (BIL-lán) og takast á hendur ábyrgðir í því sambandi að fjárhæð allt að jafnvirði 300 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu).

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 2., 4. og 9. gr. samþykktu bankans, þess eðlis að bankinn miði framvegis reikningshald sitt við evrópsku mynteininguna ecu.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.